

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Tímabundið STARFSLEYFI

Hjarðardalur Ytri

180274391971001663569

Starfsleyfi fyrir niðurrif á Gömlu íbúðahúsi Hjarðardal Ytri
F2126068

Heimilisfang:

Hjarðardalur Ytri, 426 Ísafjarðarbær

Nafn rekstraraðila: Sigríður J. Brynleifsdóttir/ Steinþór Bjarni Kristjánsson

Kennitala rekstraraðila:

1802743919/1001663569

Útgáfudagur: 1.maí 2021

Gildir til: 1. október 2021

Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og skv. Hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 með síðari breytingum.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga og laga nr. 61/2013 um eiturefni og reglugerða settum samkvæmt þeim. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnur að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi nr. 582/2000

Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Starfsleyfi þetta er veitt með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar



Bolungarvík 22.3 2021

Ytri Hjarðardalur
Sigríður J Brynleifsdóttir / Steinþór Bjarni Kristjánsson
Hjarðardalur Ytri

Tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif gömlu íbúðarhúsi Hjarðardal Ytri

Starfsleyfið gildir til 1.10 2021. Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 1. mars 2019 nr. 388/2017

Starfsleyfisgjald er kr 28.428. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarnareftirlit nr. 550/2018 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Ekki er áætlað að um mengaðan úrgang sé að ræða en ef slíkt kemur í ljós þá mun honum vera fargað með viðurkenndum hætti.

Skv. 65. gr laga 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011. Kæra til Úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Starfsleyfis-skilyrði

1. Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfis-skilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdar eða framkvæmdina í heild.
2. Eftir því sem við á skal framkvæmdaraðili hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu
3. Áður en niðurrif byggingar hefst skal liggja fyrir framkvæmdarleyfi byggingarfulltrúa og úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni. Sé asbest í byggingunni skal jafnframt liggja fyrir heimild til meðhöndlunar frá Vinnueftirlitinu.
4. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang
5. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til slíks flutnings.
6. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnarbúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
7. Starfsemi skal hagað þannig að ekki valdi hún nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsum óþægindum vegna fjúkandi úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.
8. Áður en niðurrif byggingar hefst skal tryggja að búið sé að aftengja rafmagn og vatn, nema slíkt þurfi til niðurrifsins. Allar frárennislagnir skulu vera frágengnar með fullnægjandi hætti við lok niðurrifs.
9. Ávallt skal byrja að fjarlægja asbest úr byggingum. Asbest skal ávallt rífa handvirkt og gæta fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda byggingarhluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbests í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu þess út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
10. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, múrs, asbest o.þ.h á svæðinu öllu sem og við brottflutning úrgangs eftir því sem á við.
11. Öllum spilliefnum (asbest, PCB, þungmálmur, kvikasilfur, olíur o.fl) skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum (múrbroti, timbri, járn, plasti o.fl)
12. Asbest og úrgagni sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokuðum og merktum ílátum.
13. Ef í ljós kemur við niðurrif að jarðvegur sé olíumengaður skal hafa strax samband við Heilbrigðiseftirlitið sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.
14. Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaraðili senda Heilbrigðiseftirlitinu skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarúrgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans eftir því sem við á.

Starfsleyfis-skilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir, með síðari breytingum.
- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.